

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 19. maí 2016
UST201603-225/K.S.J.
10.04.02

Efni: Tillaga að aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016 – 2028. Endurskoðun.

Við er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita Árnassýslu er barst 30. mars sl. þar sem óskað er umsgagnar um tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016 – 2028.

Skógrækt

Í greinargerð er umfjöllun um núverandi og áætlaða skógrækt í sveitarfélaginu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skógrækt falli að landslagi og bendir á að í 70. gr. laga nr. 60/2013 kemur fram að: „*Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.*“

Stakar framkvæmdir

Í umfjöllun um stakar framkvæmdir kemur fram að heimilt er að reisa stök frístundahús og íbúðarhús sem ekki tengjast búrekstri. Umhverfisstofnun bendir á að vegna sjónrænna áhrifa er heppilegra að hafa ákvæði í aðalskipulagi um leyfilegan fjölda stakra húsa á hverri jörð, og að útlit húsa taki mið af húsum sem fyrir eru á jörðinni.

Í umfjöllun um stakar framkvæmdir er einnig fjallað um virkjanir og að heimilt er að reisa allt að 5 MW virkjanir ásamt lögnum og vegum að þeim. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að sýna aðgát þegar smávirkjanir eru annars vegar þar sem umhverfisáhrif geta orðið mikil miðað við ávinning. Einnig má benda á að með slíkum smávirkjunum er oft verið að teygja sig inn á svæði sem að öðru leyti eru laus við framkvæmdir og þannig skapast neikvæð sjónræn áhrif.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að skoða vel staðsetningar vindmylla þannig að þær dreifist ekki of víða um sveitarfélagið heldur verði fundinn hentugur staður þar sem hægt er að staðsetja einhvern fjölda án þess að neikvæð sjónræn áhrif og hávaðamengun verði umtalsverð.

Efnistöku- og efnislosunarsvæði

Í tillögunni kemur fram að gert er ráð fyrir framkvæmdum við vegagerð vegna uppbyggingar ferðamannaáðstöðu á afrétti m.a. í Kerlingarfjöllum.

Einnig kemur eftirfarandi fram: „*Af hagkvæmni og umhverfisástæðum er gert ráð fyrir mörgum litlum efnistökusvæðum í og við veglinu enda er um viðhald fjallvega og slóða að ræða.*“

Umhverfisstofnun bendir á að í *Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi – Stefnumörkun til 2020*, er eitt af markmiðunum að fækka námum og að ganga frá opnum námum. Einnig bendir stofnunin á að litlar námur eru 10.000 m³ eða minni, en námur á lista í tillögnum eru frá 15.000 m³ upp í 150.000 m³ og teljast því vart vera litlar.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að ástæðulaust er að setja námur á aðalskipulagsuppdrátt fyrr en Vegagerðin er búin að kanna námuna/námusvæðið með tilliti til efnismagns og gæða. Að mati Umhverfisstofnunar er mikill fjöldi efnistökusvæða sýndur á uppdráttum, og telur stofnunin ástæðu til að svæðin verði könnuð nánar. Einnig bendir stofnunin á að ekki er ástæða til að sýna efnistökusvæði á skipulagsáætlun nema að til standi að nýta svæðið á skipulagstímabilinu.

Umhverfisstofnun tekur undir þær reglur sem settar eru fram í tillögnum varðandi efnistöku og efnislosun.

Umhverfisstofnun bendir á að unnið er að friðlýsingu Kerlingarfjalla og að mikilvægt er að ekki sé gert ráð fyrir námum sem raska því svæði er friðlýsa skal.

Umhverfisstofnun telur að þótt betra geti verið að taka efni sem næst framkvæmdastað eins og fram kemur í greinargerð, þá geta verið neikvæð samlegðaráhrif ef efnistökuastaðir standa þétt eins og sýnt er á korti yfir afrétt.

Varúðarsvæði

Í umfjöllun um varúðarsvæði í skipulagstillögnum kemur fram að skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 eigi að fjalla um virkjanir í biðflokki samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun. Einnig kemur fram að svæði í biðflokki tengist Hvítá og eru það Búðartunguvirkjun og Haukholtsvirkjun. Í þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða kemur fram að ofangreindir virkjanakostir hafi ekki verið metnir af öllum faghópum og að það vanti frekari upplýsingar. Að mati Umhverfisstofnunar er ótímabært að lýsa mögulegri virkjun í aðalskipulagstillögu þar sem svæðin eru í biðflokki, þótt svæðin séu nefnd.

Samgöngur

Í kafla um samgöngur er fjallað um markmið og leiðir til að ná þeim varðandi hina ýmsu samgöngumáta. Umhverfisstofnun bendir á að þar er lögð áhersla á að aðskilja sem mest umferð vélknúinna ökutækja frá gangandi og ríðandi umferð. Einnig kemur fram að gert verði ráð fyrir umferð hjólandi fólks á helstu leiðum m.a. með því að hafa breiða vegöxl. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að hjólaumferð sé aðskilin frá vélknúinni umferð og að gera eigi ráð fyrir hjólandi umferð á sama hátt og umferð gangandi og ríðandi. Hjólandi umferð getur skapað hættu ef hún er samsíða vélknúinni umferð auk þess sem hávaða- og loftmengun fylgir vélknúinni umferð og óþarfi að hjólandi vegfarendur lendi inni í þeirri mengun á ferð sinni. Umhverfisstofnun tekur undir kaflann reiðhjólaleiðir þar sem fram kemur að hjólreiðar verði stöðugt mikilvægari sem samgöngumáti. Að mati Umhverfisstofnunar er það ein af forsendum sem huga þarf að við áætlun nýrra hjólaleiða.

Náttúruvernd

Í upphafi forsendna er fjallað um Búðaröðina í umfjöllun um landslag og jarðfræði í sveitarfélaginu. Umhverfisstofnun bendir á að tilefni er til að velja áhugaverðustu og fallegustu hluta Búðarraðarinnar og hverfisvernda þá eða friðlýsa.

Umhverfisstofnun tekur undir hverfisvernd á alls 13 svæðum í Hrunamannahreppi, þar á meðal Miklumýrar og Búrfellsmýrar. Umhverfisstofnun telur að svo mikilvæg svæði gætu hentað vel til friðlýsinga og er það eitthvað sem sveitarfélagið gæti stefnt að til framtíðar.

Helstu viðmið

Í umhverfisskýrslu er farið yfir helstu umhverfisviðmið sem stefna aðalskipulagstillögunnar er borin saman við. Þar segir í samanburði á lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd að samkvæmt 50. gr. laganna eigi mannvirki að falla sem best að svipmóti landsins. Stofnunin bendir á að það sé 69. gr. um hönnun mannvirkja sem inniheldur ofangreint ákvæði.

Umhverfisstofnun bendir á að þann 16. mars 2016 samþykkti Alþingi þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015-2026. Þann 25. apríl sl. var birt auglýsing ráðherra um niðurfellingu svæðisskipulagsins.

Fjallasel

Í samanburði valkosta kemur fram að fjallasel við Grákoll kunnir að skerða víðerni. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að framkvæmdir verði felldar að umhverfinu og forðast skal allt óþarfa rask á umhverfi þegar framkvæmt er.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

A. Björnsdóttir

Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri

